



Fréttabréf Brekkuskóla



4. nóvember 2014
3. tbl. skólaárið 2014- 2015
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Þótt ótrúlegt megi virðast þá er nóvember að skella á okkur og veturinn að heilsa með sínu kalda handabandi. Þá er mál að taka fram hlýju fötin og endurskinsmerkin. Einhverjir setja hjólin sín í geymsluna á meðan aðrir skella vetrardekkjunum undir og halda áfram að hjóla í skólann. Við hvetjum hvort annað áfram til að ganga í skólann því við vitum að hreyfing gerir okkur gott. Átakið göngum í skólann gekk vel en það voru 6. bekkingar sem voru duglegastir að mæta hjólandi og gangandi í skólann þetta haustið. Þau fengu að launum gullskóna góðu sem er verðlaunagripurinn, en einnig fá þau gjöf í formi áhalda til útileikja þegar þau berast skólanum.

Framundan er annasamur tími æfinga og annars undirbúnings fyrir árhátíð skólans sem verður haldin hátíðleg þann 13. nóvember. Árhátíðin verður með venjubundnu sniði með kökuhlaðborði 10. bekkja, Ævintýralandi 6. bekkinga, söngva, leiksýninga, pylsuveislu og kvikmyndasýninga. Við hlökkum til að eiga þennan tíma tilbreytingar saman og fá að njóta fjölbreyttra dagskrárliða á lokæfingum og á sjálfan árhátíðardaginn.

Við vekjum athygli mánaðarlega á völdum gildum sem tengjast viðfangsefnum sem kennarar fjalla um í tengslum við siðareglur kennara og í skólastarfinu. Við gerum okkar besta í að ræða um gildin og koma þeim á framfæri í samræðum við nemendur. Í vinnu með gildin eru verkfæri uppbyggingarstefnunnar gjarnan notuð.

Þann 24. nóvember er starfsdagur þar sem allt starfsfólk kemur saman til að ræða málefni skólastarfsins, endurmennta sig og búa sig undir komandi mánuði á margvíslegan hátt.

Fjáröflun 10. bekkjar heldur áfram eftir árhátíðarball með klósettrúllu- og lakkríssölu og hvetjum við skólasamfélagið til að taka vel á móti þeim.

Birting námsmats í námsframvindukerfi Mentor mun eiga sér stað á næstu vikum og munum við upplýsa foreldra í vikupóstum og á vefsíðu skólans þegar það hefst. Við erum að aðlagga okkur að nýrri aðalnámskrá og breyttu námsmati og þessi breyting er liður í því verkefni.

Sjáumst í skólanum!
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólástjóri

Skólamyndir haust 2014

Skólamyndirnar sem teknar voru um daginn eru nú tilbúnar til skoðunar á vefslóð sem send var foreldrum og forráðamönnum í netpósti. Myndirnar verða settar inn í mentorkerfið á næstu dögum.

Fyrirspurnir sendist á Írisi ljósmyndara á netfangið brekk@infantia.eu

Árhátíðarballið
verður 7. nóvember

Á árhátíðarballinu 7. nóvember ætla Auratic og Nyxo að spila. Inngangseyrir er 1000 kr. Ballið er auglýst fyrir 8.-10. bekk, en 7. bekkur Brekkuskóla er velkominn á ballið sem stendur frá 20:30 - 23:30.

Gildi mánaðarins

Virðing

Úr stefnu skólans:

- Við sýnum öðrum virðingu, kurteisi og tillitsemi
- Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað
- Við erum umhyggjusöm og reiðubúin til samvinnu og samhjálp
- Öll þurfum við að finna tilgang með vinnu okkar, fá tækifæri til að hafa áhrif og láta ljós okkar skína.

Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Skólaþing um tækni í skólastarfi - í myndum



Helgi Svavarsson foreldri var þingforseti og stjórnaði af röggsemi



Hver hópur skráði hugmyndir sínar um svör við spurningum sem lagðar höfðu verið fyrir þingið.



Margir góðir gestir voru á þinginu, Gulli forvarnarfulltrúi skólans, Vaka frá Mentor og Nordplus-gestirnir svo dæmi sé tekið.



Alfa forstöðumaður æskulýðs- og forvarnarmála og Guðjón foreldri og fulltrúi úr nærsamfélagi skólans MA sátu einnig þingið.




Atriði á miðum rædd og flokkuð



Afrakstur verður skráður rafrænt, ræddur og nýttur. Nordplus-valgreinin hefur umsjón með því verkefni.

Áð þessu sinni tóku samstarfsskólar okkar í Nordplusverkefninu þátt í skólaþingi með okkur enda viðfangsefnið ekki bundið við landamæri.



Ánægjumælir þátttakenda skólaþingsins. Hér sést greinileg ánægja með skólaþingið. Brekkuskóli þakkar öllum sem lögðu sitt af mörkum fyrir framlag til bætts skólastarfs.



Fjórir kennarar og fjórir nemendur komu í heimsókn í Brekkuskóla í október. Kennarar funduðu með nemendum og sín á milli og kenndu meðal annars hvert öðru ýmsar nýjungar sem snerta tækni í skólastarfi. Nemendur gistu heima hjá móttökunemendum í Brekkuskóla og allur hópurinn fór saman í ferðir á söfn og í Mývatnssveit og gerði fleira skemmtilegt.

Kennarar fengu kynningu frá norsku kennurunum í notkun gagnvirkum kennslutöflum, en fjórar slíkar töflur eru til í Brekkuskóla. Það sem háir notkun þeirra helst er útgáfa námsefnis á íslensku, en lítið er til af efni sem hægt er að nýta með slíkum hætti.

Hápunktur heimsóknarinnar var síðan þátttaka gestanna í Skólalþingi Brekkuskóla þar sem þau kynntust hvernig Brekkuskóli ræðir á lýðræðislegan hátt um valin málefni sem tengjast skólastarfinu. Að þessu sinni var fjallað um tækninotkun í skólastarfi, einelti á netinu, nám og kennslu með tækni og tímenn sem fer í tæknina. Unnið verður með niðurstöður þingsins í valgrein Nordplus í 8. - 10. bekk og þær kynntar í skólasamfélagi skólans.


Myndir og fleira tengt verkefninu á <http://iclan.blogspot.com>



Nordpluskennaramir tóku þátt í skólalþinginu.



Nordplus notar smáforritið "lino" á Skólalþingi



Drekameistarar í Brekkuskóla

Á skólasafni Brekkuskóla hafa nokkrir bókatitlar verið listaðir upp í þrjár mismunandi "drekagráður". Nemandi tekur þátt með því að merkja við þær bækur sem hann hefur lesið í gráðunni sem hann velur sér. Þegar hann hefur lokið við að lesa þær allar fær hann drekameistaratitil! Lesa má nánar um Drekameistaragráðurnar á vefsíðu skólans og þar er einnig hægt að nálgast lista yfir Drekameistara haustsins 2014

Verður þú næsti Drekameistari?



Viðburðadagatal og matseðill - Nóvember 2014

2.	3. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Æfingar á sviði hefjast	4. Hakkbollur, kartöflur, sósa, salat, og ávextir	5. Soðinn fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	6. Lambapottréttur, kartöflustappa grænmeti og ávextir	7. Pastaréttur, brauð, salat og ávextir Árshátíðarball Brekkuskóla 7. - 10. b. Kl. 20:30 - 23:30.	8. Baráttu- dagur gegn einelti
9.	10. Soðinn fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	11. Heitt slátur, kartöflur, rútgbrauð, salat og ávextir Andri Snær rithöfundur í heimsókn hjá 4. bekk	12. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	13. Pylsur, pylsubrauð, steiktur laukur, sinnep og tómatsósa Árshátíð Brekkuskóla Nánar á vefsíðu skólans	14. Grjónagrautur, slátur, grænmeti og ávextir	15.
16. Dagur íslenskrar tungu	17. Kjötbúðingur, kartöflur, grænmeti, sósa, salat og ávextir	18. Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	19. Soðið lambakjöt, kartöflur, sósa, salat og ávextir	20. Fiskipottréttur, hrísgrjón, salat og ávextir	21. Sveppasúpa, brauð, álegg og ávextir	23.
23.	24. Starfsdagur Fristund lokuð	25. Kjöt og kjötsúpa og ávextir Borgrímur Þráinsson rithöfundur í heimsókn hjá 7. - 10. bekk	26. Grænmetisréttur, salat og ávextir	27. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	28. Gúllas, kartöflustappa, grænmeti og ávextir	30.

Baráttudagur gegn einelti

Í lok ársins 2010 skipaði Mennta- og menningarmálaráðherra verkefnisstjórn þriggja ráðuneyta til að fjallað um og fylgja eftir tillögum að aðgerðum gegn einelti í íslensku samfélagi. Eitt af hlutverkum verkefnisstjórnarinnar er að taka þátt í og stuðla að vitundarvakningu um hið alvarlega samfélagslega vandamál sem einelti er, þætti í skóla- og starfsumhverfi sem geta stuðlað að einelti, leiðir til að taka á kvörtunum um einelti, neikvæð samfélagsleg áhrif af einelti og aðgerðir til að sporna gegn einelti. Vefsíða verkefnisins: www.gegneinelti.is

Í Brekkuskóla er unnið samkvæmt Olweusaráætlun gegn einelti www.olweus.is



Gyllti staurinn

Á skólalóð Brekkuskóla er ljósastaur sem málaður hefur verið gylltur. Nemendur sem hafa engan að leika við í frímínútum geta farið að staurnum. Aðrir nemendur hafa þá það hlutverk að bjóða viðkomandi nemanda með í leik.

